

Nd.

218. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 63, 7. maí 1928, um varðskip landsins og skipverja á þeim.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

3. gr. laganna orðist svo:

Dómsmálaráðherra gerir starfssamning við skipstjóra, stýrimenn og vélstjóra til allt að 6 ára í senn. Í samningi má setja ákvæði um uppsagnarfrest fyrir hvorn sammingsaðila. Ráðherra getur vikið mönnum þessum frá starfi án fyrirvara, eftir sömu reglum og embættismönnum úr embætti. Slikur brottrekstur fellur þó úr gildi, ef meiri hluti sjávarútvegsnefnda beggja deilda Alþingis á sameiginlegum fundi mótmælir brottrekstrinum á næsta þingi eftir brottvisun.

2. gr.

Síðari málsliður 4. gr. laganna orðist þannig:

Um þá starfssamninga, sem skipstjóri og vélameistari gera við skipverja, gilda uppsagnarfrestir frá beggja hálfu samkvæmt ákvæðum hinna almennu sjólaga.

3. gr.

Á eftir 9. gr. laganna komi ný 10. gr., svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að búa varðskipin björgunartækjum, eftir því sem ástæður þykja til, og verja til þess fé úr landhelgisjóði.

4. gr.

Á eftir 10. gr. komi ný 11. gr., svo hljóðandi:

Nú fær varðskip laun fyrir björgun, og greiðist þá fyrst af björgunarlaununum öll útgjöld vegna björgunar, önnur en venjulegur rekstrarkostnaður varðskipsins, en af afganginum falla 20—25% til skipshafnar varðskipsins, eftir ákvörðun dómsmálaráðherra, og skiptist féð milli skipverja í réttu hlutfalli við fast kaup hvers þeirra. Að öðru leyti renna björgunarlaun í landhelgisjóð.

Greinargerð.

Dómsmálaráðherra hefir mælt til þess við sjávarútvegsnefnd, að hún flytti frv. þetta. Lítur nefndin svo á, að breyting á varðskipalögum frá 1928 sé órðin aðkallandi, einkum vegna þess, að skipin hafa fengið viðtækara verk að vinna heldur en lögín ætla þeim. Skipin hafa verið búin björgunartækjum og að öðrum þræði höfð við björgunarstarf, sem lögín gera ekki ráð fyrir, en af því leiðir aftur, að við þau eiga ekki allskostar ákvæði hinna almennu siglingalaga um björgunarstarf annara skipa. Er því aðaltilgangur þessa

frv. að bæta inn í lögin ákvæðum um björgun og björgunarlaun, sem hæfi starfsemi skipanna.

Við 1. gr.

3. gr. varðskipalaganna er lítt skiljanleg að því leyti, að fyrst er tekið fram, að starfssamningur sé bindandi fyrir ráðuneytið í 6 ár og yfirmenn í 1 ár, en síðar er aðilum áskilinn 3 mánaða uppsagnarfrestur. Er í frv. leitast við að bæta úr þessu ósamræmi.

Við 2. gr.

Darf ekki skýringa við.

Við 3. gr.

Virðist nauðsynlegt að lögfesta heimild þá, sem í frv. getur.

Við 4. gr.

Þar sem varðskipin eru orðin að nokkru björgunarskip og annast flesta þá björgunarstarfsemi, sem framkvæmd er hér við land, er nauðsynlegt að setja sérstök ákvæði um skiptingu launanna.

Nánar í framsögu.